

Ed.

375. Nefndarátt

um frv. til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólana í Reykjavík og á Blönduósi.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Mentamálanefndin hefir ekki getað orðið einhuga um ofan nefnt frv. Við undirrituð litum svo á, að kvennaskólarnir sjeu sjerskólar og eigi því kröfu til þess, að ríkið taki þá að sjer, eins og t. a. m. bændaskólana, en meðnefndarmaður okkar (J. J. 3. landsk.) litur öðruvisi á það mál og mun gera grein fyrir skoðun sinni sjerstaklega.

Á síðasta Alþingi fjell stjórnarfrv. um að gera kvennaskóla Reykjavíkur að rikisskóla með jöfnum atkvæðum í Ed., og rjedi það tvent aðallega úrslitunum, að ekki þótti rjett að gera annan kvennaskólann að rikisskóla, en hinn ekki, og svo hitt, að búist var við því, að skólinn myndi verða dýrari í rekstri sem rikisskóli en sem sjálfstæð stofnun.

Nú er í þessu frv. kipt fótunum undan fyrri mótbárinni, þar sem hið sama á að gilda um báða skólana, og þótt sá spádómur skyldi rætast, að skólarnir yrðu lítið eitt dýrari í rekstri sem rikisskólar, þá teljum við kvenþjóðina eiga heimting á því, að ekki verði einblint á það, þegar um það er að gera að tryggja framtíð þessara einu skóla, sem sniðnir eru eftir hennar þörfum sjerstaklega og henni ætlað að sækja. Mikill getur kostnaðarmunurinn ekki orðið, þar sem skólarnir hafa, að minsta kosti síðustu árin, fengið langmest af því fje úr rikissjóði, sem til þeirra hefir gengið, ríkið á með þeim að eignast allar eigur þeirra og alt fyrirkomulag þeirra og launakjör kennaranna að haldast óbreytt, að því undanskildu, að föstu kennararnir eiga eftirleidis að fá sömu dýrtíðaruppbót á laun sín og aðrir starfsmenn rikisins. Mismunurinn á kostnaðinum verður þá aðallega upphæð sú, sem dýrtíðaruppbótin nemur.

Í 4. gr. frv. eru ákvæði um það, hverjar námsgreinir skuli kendar í kvennaskólanum í Reykjavík og þær taldar upp. Að því er Blönduósskólann snertir, er hinsvegar í 11. gr. svo ákveðið, að kenslugreinir skuli vera hinar sömu og nú eru kendar í skólanum, þar til ný skipun kunni að verða gerð með reglugerð. Þetta verður að teljast ósamræmi, er mun stafa af því, að álitid hefir verið, að ekki væri búid að koma sjer niður á það til fulls, hverjar námsgreinir skuli kenna þar, er fyrirkomulagi skólans verður slegid endanlega föstu.

Meiri hluti nefndarinnar er þeirrar skoðunar, að fult svo heppilegt kunni að vera að kveða svo á i lögnum um báða skólana, að ákvörðun námsgreina sje reglugerðarákvæði, því breyttir tímær krefjast oft breytinga á námsgreinum, og sjeu þær ákveðnar i lögum, er erfiðara og fyrirhafnarsamara að breyta til heldur en ef aðeins er um reglugerðarákvæði að ræða. Munum við ihuga þetta nánar til 3. umr.

Við leyfum okkur því að leggja það til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Í stað orðanna í 12. gr. »alt á þann hátt, er« komi: svo sem.
2. Á eftir 12. gr. komi svo hljóðandi ný 13. gr., sem af vangá hefir fallid úr frv.:
Skólagjald skulu námsmeyjar greiða svo sem verið hefir.
Greinatalan breytist eftir því.
3. Aftan við núverandi 15. gr. bætist: 1. september 1926.

Alþingi, 17. apríl 1926.

Ingibjörg H. Bjarnason, Jóh. Jóhannesson.
form. og frsm. meiri hl.